

Ritstjórnargrein

Nýtt Læknablað

Læknablaðið og Fréttabréf lækna hafa nú verið sameinuð í eitt blað, Læknablaðið. Jafnframt er blaðið nú sett, prentað og því dreift frá prentsmiðju á Íslandi, en blaðið var áður unnið í Danmörku, í samvinnu við útgáfu danska læknablaðsins. Með þessu móti verður útgáfa blaðsins hagkvæmari og útkomutími reglulegri. Fyrst um sinn mun blaðið koma mánaðarlega eins og verið hefur með Fréttabréfið en vel er hugsanlegt að síðar fjölgi eintökum á ári. Flutningur blaðsins heim þýðir aukna vinnu við gerð þess hér á landi og gæti komið í ljós að meiri mannafla þurfi við blaðið og verður tekin afstaða til þess þegar frekari reynsla hefur fengist af breytingunni.

Litlar breytingar verða á skipan efnis í blaðinu frá því sem verið hefur. Efni eins og birst hefur áður í Læknablaðinu verður að jafnaði framar í blaðinu en efni eins og áður kom í Fréttabréfi. Efnisyfirlit birtist yfir allt efni á fyrstu síðum. Að öðru leyti verða ekki stórtækar breytingar á hönnun blaðsins. Samanburður á kostnaði við gerð Fréttabréfsins og Læknablaðsins sýndi á síðustu misserum að framleiðsla blaðsins yrði hagkvæmari hér á landi en í Danmörku. Því var leitað tilboða í prentun og frágang blaðsins og ákveðið að breyta sem minnst um útlit og skipan. Fjögur tilboð bárust og var ákveðið að taka því lögsta frá G. Ben. prentstofu hf., sem hingað til hefur sett og prentað Fréttabréfið. Nýhönnun Læknablaðsins mun bíða um sinn en hugsað verður til þess þegar full tök hafa fengist á sameiningu blaðanna og prentun þeirra hér á landi. Umræður um breytt útlit blaðsins, stærð og hversu oft það kemur úr eru þó ávallt við borð ritstjórnar. Af ofansögðu er þó ljóst að nú virðist stærð og gerð blaðsins hagkvæm og erfiðt að finna önnur en tilfinningaleg rök fyrir róttækum breytingum þar á.

Í síðasta tölublaði Fréttabréfsins birtust leiðbeiningar til höfunda um ritun fræðilegra greina til birtingar í Læknablaðinu. Í inngangi er upptalning efnis sem Læknablaðið óskar eft-

ir að birta og er ekki þörf á að telja það upp hér að nýju. Rétt er þó að vekja athygli á að fræðilegar greinar á sviði líffræði hafa ekki verið margar í Læknablaðinu á síðustu árum en er það þó einlægur vilji ritstjórnar að þar verði breyting á. Það er trú mín að birting fræðilegra greina á sviði líffræði, lyfjafræði og annarra grunngreina sé lesendum Læknablaðsins kærkomin. Birting slíkra greina mun einnig hafi mikla þýðingu fyrir þá sem stunda rannsóknir á þessum sviðum, því þannig verður ljóst að slíkum rannsóknum er sinnt hér af krafti þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Í þessu sambandi er rétt að minna á umfjöllun um tvíbirtingu í ofanefndum leiðbeiningum.

Yfirlitsgreinar hafa ekki verið margar í Læknablaðinu. Góðar yfirlitsgreinar eru einnig fátíðar í erlendum læknablöðum enda liggur mikil vinna að baki þeirra. Svokallaðar fræðslugreinar eru ef til vill kostur sem benda mætti höfundum á. Þær eru að jafnaði styttri og fjalla um afmarkaðra efni, oft einhverjar nýjungar sem kynna þarf læknum í öðrum sérgreinum, einkanlega þar sem samvinnu er þörf um aðgerðir og meðferð.

Læknablaðið mun eftir sem áður birta efni er varða félagsmál lækna almennt, staðbundin eða sérgreinabundin. Það á einnig við um hagsmuna- og áhugamál lækna og annarra heilbrigðisstétta og almenna umræðu um heilbrigðis- og tryggingamál. Minnt skal á að Læknablaðið og Fréttabréfið hafa ætíð verið opin fyrir skrifum annarra en lækna einna og er engin breyting þar á. Athugasemdum og skoðanaskiptum um birt efni í blaðinu er fagnað af ritstjórn.

Að lokum óska ég læknum til hamingju með stærra og vonandi öflugra blað eftir breytinguna. Framtíð blaðsins ræðst af áhuga og þörf lækna á blaðinu. Ef þeir lesa blaðið og skrifa í það mun ritstjórn leitast við að gera það áfram ákjósanlegan vettvang fyrir hugarsmið lækna.

Vilhjálmur Rafnsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður Læknablaðsins